

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/1995
komudagur 6.5.2010

5. maí 2010
Tilvísun: 2010040065

Umsögn um frumvarp til laga um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila, þskj. 961 - 570. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupóstar þann 28. apríl 2010, þar sem óskað var umsagnar Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila.


Fjármálaeftirlitið gerir eftirfarandi athugasemdir við 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins.


Í 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins er vísað til 1. mgr. 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.). Fjármálaeftirlitið vill benda á að sá sem veitir viðtöku upplýsingum af því tagi sem um getur í 1. mgr. 58. gr. fttl., þ.e. upplýsingar sem varðar viðskipta- og einkamálefni viðskiptamanna fjármálafyrirtækja, er bundinn þagnarskyldu með sama hætti og þar greinir, sbr. 2. mgr. 58. gr. laganna. Til að áréttu að trúnaðarskylda fylgi upplýsingunum, sbr. 2. mgr. 58. gr. fttl. og stuðla að hnökralausri framkvæmd, leggur Fjármálaeftirlitið til að við 4. mgr. 2. gr. bætist eftirfarandi: „Sá sem veitir viðtöku upplýsinga sem varða viðskipta- og einkamálefni viðskiptamanna fjármálafyrirtækja, er bundinn þagnarskyldu um gögn og upplýsingar sem viðkomandi kann að fá vitneskju um við rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila.“

Fjármálaeftirlitið bendir í þessu sambandi á 3. mgr. 5. gr. laga nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Þar er sambærilegt ákvæði svohljóðandi: „...Ákvæði 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, koma ekki í veg fyrir að nefndin fái afhent gögn eða aðgang að fundum. Nefndin skal bundin þagnarskyldu um gögn og upplýsingar sem hún kann að fá vitneskju um við starf sitt.“

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Guðmundur Jónsson


Hildur Jóna Júlíusdóttir